

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Brúarland

Skóli og samfélag á stríðstímum

Práinn Árni Baldvinsson

011076-3009

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2010

Útdráttur

Verkefni þetta er greinaflokkur um elsta skólahúsnæði Mosfellsbæjar, Brúarland, ásamt greinargerð. Í greinunum er fjallað um sögu Brúarlands, byggingu þess og nýtingu í gegnum tíðina og hernámið 1940. Markmiðið með verkefninu er að gefa lesendum hugmynd um það samfélag sem var á Brúarlandi og menninguna sem þar ríkti. Á Brúarlandi var skóli, heimavist, pósthús, símstöð og samkomuhús sveitarinnar, Brúarland var í raun miðpunktur Mosfellshrepps. Skólastjórahjónin, Lárus B. Halldórsson og Kristín Magnúsdóttir, eru í aðalhlutverki ásamt fjölskyldu þeirra. Reynt er að varpa ljósi á áhrif hersins sem kom sér fyrir á Brúarlandi og þá fær Winston Churchill talsvert pláss vegna heimsóknar sinnar í Mosfellssveit í ágúst 1941. Vangaveltur um framtíð hússins eru tíundaðar um leið og fjallað er um framhaldsskólann sem nú nýtir húsnæðið.

Formáli

Hugmyndin að skrifa um Brúarland kom fyrst fram í Kennaraháskólanum, nánar tiltekið í tíma hjá Þorsteini Helgasyni, en hann hvatti mig eindregið til að skrifa um Brúarland í lokaverkefni mínu frá skólanum. Svo þegar Helgi Skúli Kjartansson hafði samþykkt að verða leiðbeinandi minn í þessu verkefni tóku línur að skýrast enn frekar. Hugmyndin um greinar fyrir sveitarblað er Helga Skúla og kann ég honum bestu þakkir fyrir.

Heimildir sem ég styðst við eru héðan og þaðan og er þeirra sérstaklega getið í meðfylgjandi greinargerð. Talsvert er til á prenti um Brúarland sem hefur gagnast vel og hef ég að auki talað við nokkur eftirlifandi barna skólastjóra hjónanna Lárusar Björgvins Halldórssonar og Kristínar Magnúsdóttur. Þá hef ég einnig fengið upplýsingar frá ýmsum í tölvupósti, m.a. frá Richard Langworth sem er einn helsti sérfræðingur heims í flestu er viðkemur Sir Winston Churchill.

Það er eindregin von mín að þessi samantekt geti nýst sem enn einn kaflinn í langri menningarsögu Mosfellsbæjar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
Formáli	3
Efnisyfirlit	4
1. Inngangur	5
2. Framgangur verkefnisins	6
3. Brúarland	6
4. Markmið og heimildir	7
5. Greinasafn	
I. Brúarland – bygging og starfsemi	11
II. Hernám og skóli	16
III. Brúarland hernumið	21
IV. Brúarland – horft til framtíðar	25
6. Heimildaskrá	27
7. Fylgiskjöl	29

1. Inngangur

Brúarland er hús sem stendur í hjarta Mosfellsbæjar. Byrjað var að byggja húsið 1922 og var smíðinni að mestu lokið 1930. Húsinu var ætlað að vera skóli og félagsheimili sveitarinnar og að auki fengu hin ýmsu félagasamtök inni í húsinu. Í gegnum tíðina hefur húsið m.a. verið nýtt sem tónlistarskóli, kórar hafa fengið aðstöðu í húsinu og í dag er þarna nýstofnaður Framhaldsskóli Mosfellsbæjar.

Lárus Björgvin Halldórsson bjó í húsinu ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Magnúsdóttur, og börnum þeirra og var skólastjóri skólans frá 1922 allt þar til skólinn flutti í nýtt húsnæði að Varmá 1961. Á Brúarlandi var heimavist fyrir skólabörn sem áttu um langan veg að fara í skólann og í kjallara Brúarlands voru haldin böll og ýmsar fjölskylduskemmtanir.

Fljótlega eftir hernám Íslands 10. maí 1940 var Brúarland tekið undir stjórn herdeildar sem staðsett var í Mosfellssveit og voru aðalbækistöðvar deildarinnar þar í fyrstu. Lífið í Brúarlandi gerbreyttist við komu hersins og hafði herinn mikil áhrif á samfélagið allt, skólann og alla þá sem þar stunduðu nám og störfuðu. Heimsókn Winstons Churchill til Íslands vakti mikla athygli en hann heimsótti m.a. Mosfellssveit og féll fyrir hugmyndum Íslendinga um nýtingu jarðvarma við upphitun húsa.

Greinaflokkurinn um Brúarland segir sögu hússins og er þungamiðja greinanna hernámsárin. Fjallað er um mögulega framtíðarnýtingu hússins og nokkrar hugmyndir viðraðar en í dag hýsir húsið framhaldsskóla sveitarfélagsins og mun ætlað það hlutverk a.m.k. næstu tvö árin. Hvað svo verður er óráðið en sveitarfélagið mun að öllum líkindum nota húsnæðið áfram í þágu íbúa Mosfellsbæjar og nágrennis enda hefur miklu fé verið varið í breytingar á húsinu síðastliðin misseri.

2. Framgangur verkefnisins

Hugmyndin var að skrifa sögulegan texta sem gæti m.a. vakið lesendur til umhugsunar um nágrenni sitt og fortíð. Jafnvel vakið einhvern áhuga á Íslandssögu í kringum stríðsárin 1939-1945 og sögu Brúarlands, elsta skólahúsnaði Mosfellsbæjar. Textinn er skrifaður með hugarfari rithöfundar (sögumanns) og þ.a.l. töldum við, leiðbeinandi minn og ég, að ekki væri við hæfi að greina nákvæmlega frá heimildum í aðaltextanum, þ.e. greinunum sjálfum. Okkar mat var að þetta væri þægilegra fyrir þá lesendur sem textinn er ætlaður fyrir en það er hinn almenni lesandi. Búið er að sækja um birtingu á greinunum í staðarblaði Mosfellsbæjar, *Mosfellingi*, og er svars beðið varðandi birtingu. Skyldu greinarnar fást birtar í fjölmiðli myndi heimildalisti fylgja með hverri þeirra.

Lesandinn á að fá möguleika að átta sig á hinu mikla starfi sem unnið hefur verið í Brúarlandi frá fyrstu tíð og hve mikilvægt húsið er í sögulegu samhengi og fá einnig einhverja tilfinningu fyrir menningarsögu Mosfellssveitar og – bæjar. Ég lagði mikla áherslu á að greinarnar væru skemmtilegar og aðgengilegar fyrir lesendur. Reynt var að forðast of fræðilega nálgun í textanum og áhersla lögð á auðlesinn texta. Vonir eru bundnar við að greinarnar verði íbúum Mosfellsbæjar og alls áhugafólks um sögu Brúarlands, Íslands og seinni heimstyrjaldarinnar ánægjulesning.

3. Brúarland

Brúarlandshúsið er mér kært en þar ólst móðuramma mín, Margrét Lárusdóttir, upp á árunum 1929-1947. Foreldrar hennar voru Lárus Halldórsson, skólastjóri, og Kristín Magnúsdóttir, húsfreyja. Sögurnar sem hef ég heyrt frá ömmu og systkinum hennar eru ótalmargar og eru stríðsárin þar í fyrirrúmi. Í greinunum sem hér fylgja er ætlunin að koma þessum sögum á blað og miðla þeim þannig til fleiri en ella hefðu heyrt þær frá fyrstu hendi. Þannig sé komið fram á einum stað, gagnlegt safn heimilda sem nýst getur hinum almenna lesanda og einnig grunn- og framhaldsskólanemendum sem vilja fræðast um Brúarland.

Húsið að Brúarlandi hefur verið í umræðunni undanfarin misseri en þar er nú starfræktur framhaldsskóli, tímabundið, þar til nýtt húsnæði verður tilbúið. Styr hefur staðið um nýtingu hússins. Finnst mörgum að of mikill peningur hafi verið settur í bráðabirgðahúsnæði á meðan aðrir fagna nýtingu þessa merka húss, elsta skólahúsnæðis Mosfellsbæjar. Það er von mín að með þessum greinum megi leggja grunninn að frekari skrifum um Brúarland, hugsanlega sem námsefni í samfélagsfræði fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur í Mosfellsbæ. Eins gæti áhugafólki um sögu og friðun gamalla húsa þótt greinarnar fróðlegar.

4. Markmið og heimildir

Saga þeirra sem bjuggu á Brúarlandi og sköpuðu þá menningu sem í húsinu var og stunduðu þar nám og vinnu hefur ekki verið rakin nema að litlu leyti. Með þessum greinum er reynt að sinna þessu efni svo fólk geti áttað sig á samfélaginu og þeirri menningu sem þarna var. Brúarland var í senn heimili, skóli, menningar- og samkomuhús og þarna stóðu dyr ætíð opnar fyrir ferðalanga. Á Brúarlandi þáðu margir kaffi og meðlæti í boði Kristínar húsfreyju og margt var skrafað í eldhúsinu. Menning hússins var mótuð að miklu leyti á miklum umbrotatímum í íslensku samfélagi, þ.e. stríðsárunum. Vonandi tekst að koma anda Brúarlandshússins til skila, að einhverju leyti að minnsta kosti.

Undirritaður hófst handa við heimildaöflun á haustmánuðum 2009. Ég talaði reglulega við ömmu mína, Margréti Lárusdóttur, og fékk hjá henni gagnlegar og skemmtilegar upplýsingar um heimilislífið á Brúarlandi og fékk þ.a.l. örlitla innsýn inn í það samfélag sem þar þreifst. Einnig fékk ég hjá henni bækur sem nýttust við vinnu greinanna, m.a. bókina *Bókasafn í 100 ár – saga Lestrarfélags Lágafellssóknar og Héraðsbókasafns Kjósarsýslu 1890-1990* eftir Magnús Guðmundsson. Bókin nýttist mér vel við að ná heildarmynd af upphafi og tilurð þess að bygging Brúarlandshússins fékk byr undir báða vængi og það að lokum byggt. Í bókinni er fjallað lítillega um Brúarland og farið er ofan í saumana á þætti Lestrarfélagsins í verkefninu.

Í bókinni *Mosfellsbær - saga byggðar í 1100 ár* eftir Bjarka Bjarnason og Magnús Guðmundsson er stiklað á stóru í sögu og rekstrarfyrirkomulagi Brúarlandshússins. Bókin nýttist mér vel sem stuðningur þar sem ég sá m.a. hvað vantaði í skrásetningu á sögu hússins en þar er þó fjallað nokkuð vel um hernámsárin. Bókin er yfirgripsmikil og veitir allgóðar upplýsingar um flest allt það er viðkemur Brúarlandi, s.s. símsstöðinni o.fl. Höfundar bókarinnar hafa hins vegar ekki kafað mjög djúpt í umfjöllun sinni og þar kemur greinaflokkur sem þessi að góðum notum. Ef vel ætti að vera þyrfti heila bók um Brúarland með viðtölum við fyrrum nemendur, kennara og íbúa hússins ásamt fleiri staðreyndum um húsið.

Á vef *Morgunblaðsins* fann ég nokkrar aðsendar greinar þar sem bókin er nokkuð gagnrýnd og má hér minnst á grein eftir Einar B. Birni „Seint verður öll sagan sögð - nokkrar hugleiðingar við lestur bókarinnar *Mosfellsbær - saga byggðar í 1100 ár*“ en þar lýsir Einar yfir óánægju sinni með heimildaöflun fyrir bókina og gagnrýnir höfunda m.a. fyrir ónákvæma umfjöllun um skólann að Brúarlandi. Einar telur að vel hefði verið hægt að kafa dýpra í sögu og menningu Brúarlands og eins að fjalla meira um skólann og skólabraginn og þ.a.l. ræða við þá nemendur sem stunduðu nám við skólann og/eða kennara sem þar unnu. Þessi grein Einars var mér hvatning þar sem ég gat leitað eftir heimildum víðar og þetta var mér áminning um að ein heimild gæti ekki verið hundrað prósent traust, leita bæri að heimildum víðar og á sem fjölbreyttustum vettvangi. Ég notaði ekki greinar Einars B. Birnis í verkefninu að öðru leyti en því að veita mér umgjörð en eftir lestur greinarinnar sá ég að brýnt væri að skrifa sögu skólans og hússins. Vonandi á þessi greinaflokkur eftir að vera mér eða öðrum einhver hvatning til að gera einmitt það.

Mér þótti gott að bera saman þær heimildir sem ég fann um Brúarland því víða sá ég að menn höfðu komið við í sama brunnni en stundum voru textar nákvæmlega eins. Það hvatti mig til þess að leita eftir upplýsingum þar sem enginn (eða fáir) höfðu leitað til. Þar kom bókin *Brúarlandsfólkið* að góðum notum en samhliða samtölum mínum við börn þeirra Lárusar og Kristínar var bókin mikill brunnur upplýsinga. *Brúarlandsfólkið* er minningarrit um hjónin Lárus B. Halldórsson og Kristínu Magnúsdóttur og niðjatal

þeirra. Börn þeirra hjóna rita öll stutta texta, bernskuminningar, og þar kemur margt skemmtilegt fram.

Leiðbeinandi minn, Helgi Skúli Kjartansson, benti mér þó réttilega á að svona sögur geta oft verið varhugaverðar því þær eiga það til að vinda upp á sig og verða ansi mikið meiri en þær voru í upphafi. Sumar gætu jafnvel verið býsna langt frá sannleikanum. Eitt slíkt dæmi er sagan af Winston Churchill og brennda puttinum en þá sögu hefur maður margoft heyrt hjá ömmu, Margréti Lárusdóttur. Eftir að hafa haft samband við Richard M. Langworth, sagnfræðing og sérfræðing í sögu Churchill, fékk ég góðar upplýsingar og ráðleggingar um heimildaöflun varðandi téða heimsókn Churchill í Mosfellssveitina. Þessi litla „rannsókn mín“, sem hófst með ráðleggingum frá Helga Skúla, varð til þess að í III. greininni fær Churchill talsvert meira vægi. Ásamt því að lesendur fái innsýn í Brúarland á stríðstímum og skólahaldið þá fá þeir skemmtilegar upplýsingar um heimsókn Winston Churchill á einhverjum mestu umbrotatímum heimsins, seinni heimstyrjöldinni.

Lítið hefur verið skrifað um Brúarland á stríðsárunum og finnst mér að meira mætti gera úr þætti hússins í sögu landsins á þeim tíma. Húsið var hernumið og voru settar upp herbúðir, Lumley, á túnunum við Brúarland. Þetta á auðvitað við fleiri staði en Brúarland en gleymum því ekki að húsið var heimili stórrar fjölskyldu og það var ekki algengt að heimili og/eða nánasta umhverfi væri tekið hernámi, allavega ekki hér á landi. Þarna var auk þess skóli sem þrátt fyrir stríðið starfaði nánast sleitulaust öll stríðsárin. Í lokaritgerð Kristínar Sigsteinsdóttur, sem útskrifaðist frá KHÍ 1982, er ágætis lýsing á skólastarfinu og hvernig þurfti að bregðast við breyttum aðstæðum á Brúarlandi í kjölfar stríðsins. Kristín náði að tala við Klöru Klængsdóttur en Klara starfaði við Brúarlandsskóla frá því fyrir stríð og allt fram yfir stríð. Klara gat veitt Kristínu ágæta innsýn í aðstæðurnar á þessum viðsjárverðu tímum.

Varðandi lista yfir þá kennara sem störfuðu við Brúarland má segja að lokaritgerð Kristínar sé eina heimildin yfir þá kennara sem þar störfuðu. Kristín leitaði víða fanga en fann takmarkaðar upplýsingar í rituðu máli um það hverjir höfðu kennt við skólann.

Viðtöl hennar, við m.a. Klöru, urðu þó grunnur að býsna yfirgripsmiklum lista yfir kennara skólans sem ég nýti mér hér.

Við heimildaöflun hafði ég samband m.a. við Húsafriðunarnefnd sem lét mér í té upplýsingar sem nefndin hefur um húsið en ekki hefur verið rætt sérstaklega um friðun þess. Arkitektastofan sem sá um breytingarnar á húsinu vegna opunar framhaldsskóla í Brúarlandi hafði samband við Húsafriðunarnefnd og óskaði eftir ráðleggingum við verkið. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa Húsafriðunarnefndar voru lagðar til sérstakar spjaldhurðir sem notaðar voru áður fyrr.

Einnig óskaði ég eftir upplýsingum frá bæjaryfirvöldum um hugmyndir að nýtingu hússins eftir að framhaldsskólinn flytur í nýtt húsnaði og fengust þau svör þar að ekki væri búið að taka neinar ákvarðanir. En líklegast væri þó að einhver félagasamtök fengju inni í húsinu, s.s. kórar og hugsanlega Kvenfélag Lágafellssóknar. Að auki kom fram að Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni hefði lýst yfir áhuga á að nýta húsið.

Í ritinu *Barnafræðiskýrslur 1920-1966* sem Hagstofa Íslands gaf út 1967 fékk ég upplýsingar um nemendafjölda og skólasókn nemenda á Brúarlandi á þessum tímum. Eins var vefurinn Tímarit.is mér mikill brunnur upplýsinga en þar fann ég auglýsingar um dansleiki og hlutaveltur sem haldin voru á Brúarlandi forðum daga.

Saga Brúarlands og þeirra sem þar unnu og lögðu stund á nám er mikilvægur þáttur í menntunarsögu Mosfellsbæjar. Til að þekkja sjálfan sig þarf maður að þekkja fortíðina, stendur einhvers staðar skrifað, og er saga Brúarlands því mikilvægt innlegg í samfélag nútímans þar sem neysla og kröfur um þjónustu eru oft sterkari en viljinn til að gefa öðrum og taka þátt í að byggja upp samfélag þar sem allir eru velkomnir og allir eiga sama rétt.

Á Brúarlandi bjó í mörg ár fjölskylda sem ekki fékk mikið persónulegt svigrúm; heimavistarbörn sváfu í herbergjum með börnunum sem þarna áttu heimili og á sumrum voru herbergi barnanna stundum leigð út til að afla sveitarfélaginu aukinna tekna. Allir sveitungar voru ætíð velkomnir á Brúarland og óhjákvæmilegt var að fólk sækti á staðinn því að þar var símsstöð, pósthjónusta og samkomuhús. Þau gildi er voru í hávegum höfð á

fyrstu árum Brúarlands mega ekki glatast og komast vonandi að einhverju leyti til skila með þessum greinum.

5. Greinasafn

I. Brúarland – bygging og starfsemi

Brúarland er elsta skólahúsnæði Mosfellsbæjar og á sér mjög merka sögu en auk þess að vera barnaskóli og heimavist fyrir börn var í húsinu samkomuhús sveitarinnar í yfir 20 ár eða allt þar til Hlégarður var tekinn í notkun árið 1951. Á Brúarlandi var einnig þinghús hreppsins, símstöð og póstafréiðsla. Þingstaður Mosfellssveitar var fluttur frá Lágafelli að Brúarlandi 1923 og svo fluttur frá Brúarlandi í nýtt samkomuhús Mosfellinga, Hlégarð, 1953. Hlégarður var þá búinn að taka við hlutverki Brúarlands sem helsti samkomustaður sveitarinnar en Brúarland sinnti sínu hlutverki með sóma í 30 ár.

Í Brúarlandi var alltaf mikið um að vera. Talsvert var um að húsið væri notað fyrir m.a. kvenfélags-, ungmennafélags-, mjólkurfélags-, sjúkrasamlags-, og búnaðarfélagssundi og þar fram eftir götunum. Póstur og sími var til húsa á Brúarlandi og var æði mikið „hafarí“ í kringum það allt saman, svo vitnað sé í eitt barna Lárusar Halldórssonar, skólastjóra, sem jafnframt gegndi starfi stöðvarstjóra Pósts og síma á árunum 1933 til 1952. Fyrsta símstöð sveitarinnar var að Lágafelli frá 1906-1918 en þá var hún flutt að Varmá og var þar til ársins 1928 og var þá flutt að Álafossi. Árið 1933 var símstöðin flutt að Brúarlandi. Við þennan flutning má segja að Brúarland hafi eflst enn frekar sem miðpunktur Mosfellshrepps en þar var nú til húsa skólinn, félagsheimilið, símstöðin og pósthúsið.

Ýmsar samkomur voru haldnar á Brúarlandi, t.d. hlutaveltur. Ein slík var auglýst með þessum hætti í *Morgunblaðinu* 4. maí 1940:

Hlutavelta.

Sjúkrasamlag Mosfellssveitar heldur hlutaveltu að Brúarlandi sunnudaginn
5. maí kl. 4 e.h.

Margir góðir munir: Þar á meðal lömb, alfatnaður, ferðateppi, kartöflur, tómatar, blóm og margt fleira.

Freistið gæfunnar og komið á Brúarland.

Lömb á 50 aura er einstakasta tækifæri ársins.

Veitingar og DANS.

SKEMTINEFNDIN. [svo]

Dans; ekki má gleyma að minnst á dansinn sem svo oft dunaði í kjallaranum í Brúarlandi. Valborg Lárusdóttir minnst á það í bókinni *Brúarlandsfólkið* að samkomugestir hafi þurft að fá margt lánað, svo sem straujárn, krullujárn og fleira í þeim dúr og það virðist ekki hafa verið mikið tiltökumál að lána slíka hluti. Gaman er að velta fyrir sér hvort það ætti líka við í dag. Fyrsta jólaball Kvenfélagsins var einnig haldið í kjallaranum á Brúarlandi jólin 1922 og því ljóst að húsið var farið að þjóna tilgangi sínum á fleiri en einum vígstöðvum.

Á Brúarlandi blómstraði menningin, þökk sé áhugasömum Mosfellingum. Karlakórinn Stefnir var t.a.m. stofnaður í Mosfellssveit þann 15. janúar 1940 og var fyrsta söngskemmtunin haldin að Brúarlandi þann 7. febrúar sama ár. Eins voru æfingar kórsins á Brúarlandi fyrstu starfsárin. Þess má geta að eftir að kórinn hafði verið um árabil án „fastrar búsetu“ fékk kórinn aftur inni í Brúarlandi um áramótin 2001-2002. Þeirri aðstöðu fékk kórinn svo að halda allt fram að áramótum 2007-2008 en þá var ákveðið að Brúarland skyldi hýsa nýjan Framhaldsskóla í Mosfellsbæ og framkvæmdir vegna breytinganna hófust. Nánar verður fjallað um Framhaldsskólann síðar.

En víkjum sögunni að upphafinu. Á árunum 1912-1913 hafði sú hugmynd verið rædd í helstu félögum sveitarinnar og hreppsnefnd að koma í sameiningu upp húsi fyrir hreppsnefnd, skóla og félagsstarfsemi af ýmsum toga. Ekki komst þó hreyfing á málið af neinni alvöru fyrr en árið 1921 en þá skrifar oddviti Mosfellshrepps Lestrarfélagi Lágafellssóknar bréf þess efnis að bjóða félaginu þátttöku í byggingu samkomu- og skólahúss. Lestrarfélagið samþykkti að taka þátt í verkefninu gegn því að fá inni í húsinu þegar það væri tilbúið.

Bygging skólahúss að Brúarlandi hófst því árið 1922 og þann 5. desember sama ár hófst kennsla á Brúarlandi. Þá var eingöngu búið að byggja kjallara hússins því leyfi hafði ekki fengist til að klára húsið. Því var áfram farskóli í sveitinni næstu 3 ár en kennt var á Mosfelli og í Laxnesi. Af þessum sökum var eingöngu kennt í Brúarlandi hluta vetrar. Haustið 1925 samþykktu svo fræðsluyfirvöld að breyta farskólanum í fastan skóla og varð Brúarland þá eini skólastaður sveitarinnar. Óþekktur Mosfellingur samdi eftirfarandi kvæði um breytingarnar á Brúarlandi:

Á Brúarlandi byggð er höll,
barnaskóli fríður.
Það ætti að flytja hann upp á fjöll,
svo allur sjái hann lýður.

Ein skólastofa var í byrjun, sem síðar var kölluð „Klörustofa“ en þegar nemendum fjölgaði var farið að kenna í kaffistofunni í kjallaranum. Um áramótin 1929-1930 var lokið við byggingu hússins en þá var búið að byggja ofan á kjallarann og við húsið. 7. janúar 1930 hófst svo kennsla í nýrri skólastofu. Í húsinu voru þá komnar tvær skólastofur, salur til leikfímikennslu og íbúð fyrir skólastjóra. Þar var og heitt vatn frá Reykjum og rafmagn til ljósa frá Álafossi.

Lárus Björgvin Halldórsson gegndi stöðu skólastjóra frá stofnun skólans og allt fram að flutningi skólans í Varmárskóla 1961 en þar var hann svo skólastjóri til 1966. Lárus kenndi einn á Brúarlandi fyrstu árin en fyrsti aðstoðarkennarinn hét Kristín Þorláksdóttir, sem kenndi frá 1935 til 1937. Veturinn 1937 til 1938 var Magnús Einarsson aðstoðarkennari en haustið 1939 kom Klara Klængsdóttir og kenndi hún við skólann á meðan hann var starfræktur að Brúarlandi. Klara bjó einnig lengst af á Brúarlandi, fyrst inni á heimili Lárusar og Kristínar Magnúsdóttur, eiginkonu hans, en síðustu árin bjó hún ein í húsinu.

Varla var hægt að tala um mikið „prívat líf“ hjá þeim skólastjórahjónum, Lárusi og Kristínu, með stanslausan gestagang daginn út og inn. Ekki minnkaði álagið yfir vetrartímann þegar hjónin sáu að auki um heimavist skólans en þau Lárus og Kristín sáu

um hana með aðstoð tveggja vinnukvenna. Heimavistin var ætluð þeim börnum sem áttu heima lengst frá skólanum. Eitthvað var um að börnum væri komið fyrir á bæjum nálægt skólanum en annars var heimavistin eina úrræðið fyrir fjölskyldur sem bjuggu lengra frá.

Skólinn á Brúarlandi var fastur heimangönguskóli veturinn 1927 til 1928. Heimavist var komið á á Brúarlandi árið 1934 og samkvæmt barnaskýrslum Hagstofunnar var heimavist á Brúarlandi á árunum 1944 og 1945 og segja fróðir menn að svo hafi verið allt stríðið. 1939-1940 eru 40 börn í skólanum og ekkert utan skóla. 1944-1945 eru 45 börn í skólanum og eitt barn utan skóla.

Veturinn 1944-1945 voru kennsluvikurnar 24 og kennarar við skólann tveir, Lárus skólastjóri og Klara Klængsdóttir. Nemendur þennan vetur voru 45. Veturinn 1947 til 1948 er svo skólinn aftur orðinn fastur heimangönguskóli. Til gamans má geta þess að það er ekki fyrr en árið 1959 að skólinn er gerður að 8 mánaða skóla.

Engar heimildir finnast um heimanakstur fyrr en árið 1945 en þá er áætlunarferðum sveitarinnar breytt vegna skólans og samþykkt að greiða fyrir flutning á skólabörnum. Var það verkefni styrkt af hreppssjóði. Halldór, sonur Lárusar skólastjóra, flutti börn úr suðursveitinni á árunum 1953-1955 og síðar flutti Tryggvi Einarsson í Miðdal þau börn sem þar bjuggu. Árið 1963 er sérleyfishafi, sem var þá Snæland Grímsson, tekinn við skólaakstri.

Hvergi er til tæmandi listi yfir þá kennara sem hafa starfað í Brúarlandi en í lokaritgerð Kristínar Sigsteinsdóttur, frá KHÍ 1982, er ágæt upptalning sem byggir á samtölum hennar við m.a. Klöru Klængsdóttur o.fl.

Kennarar á Brúarlandi 1934-1961

- Kristín Þorláksdóttir frá Veigastöðum 1934-1935.
- Þrúður Ó. Briem 1935-1937.
- Magnús Einarsson frá Laxnesi 1937-1939.
- Klara Klængsdóttir var ráðin sem aukakennari árið 1939 en árið 1942 var hún ráðin kennari við skólann.
- Guðmundur Magnússon stundakennari frá 1948 þar til hann var settur sem kennari 1954 og skipaður 1955. Kenndi til 1965.

- Séra Hálfán Helgason, Mosfelli, 1947-1954.
- Séra Bragi Friðriksson 1949-1953.
- Séra Sigurjón Einarsson 1953-1954.
- Tómas Sturlaugsson settur 1954 og skipaður 1955. Kenndi við Brúarlandsskóla þar til barnaskólinn fluttist í Varmárskóla og kenndi þar til 1966. Skólastjóri Varmárskóla 1970-1977.
- Hörður Ingólfsson stundakennari 1949-1950, settur 1956-1957.
- Kristján Guðmundsson, settur 1957-1958.
- Ari Vilhjálmur Ragnarsson, settur 1957 og skipaður 1958-1961.
- Halldóra Þórhallsdóttir 1959-1960. Kenndi börnum af barnaheimili Rvk.borgar í Reykjahlíð í Mosfellsdal en þau fengu skólavist í Brúarlandsskóla það ár.
- Birgir D. Sveinsson, settur 1960, skipaður 1961.
- Kristín Magnúsdóttir, kona Lárusar skólastjóra, kenndi handavinnu fyrstu árin og einnig kenndi hún söng ásamt Lárusi.
- Þórarinn Lýðsson og Tryggvi Einarsson kenndu drengjum handavinnu um tíma.

Árið 1961 afhenti Helga Magnúsdóttir, þáverandi oddviti, fjórar kennslustofur í nýju skólahúsi að Varmá í Mosfellssveit. Það skólahús var að fullu tekið í notkun árið 1963 en unglingaskóli var í Brúarlandi til 1972 en þá var tekið í notkun nýtt hús skammt frá barnaskólanum. Lárus og Kristín bjuggu í tuttugu ár á Brúarlandi en árið 1950 fluttu þau í Tröllagil, hús sem þau byggðu hinum megin við veginn, gegnt Brúarlandi. Efni til húsasmíðinnar fengu þau m.a. úr gömlum mannvirkjum hersins við Brúarland en árið 1944 samþykkti Mosfellshreppur að kaupa húseignir hersins á Brúarlandi á 50.000 krónur og var mikið af efni þaðan nýtt til húsasmíði um sveitina, sem og í Reykjavík.

II. Hernám og skóli

Lífið gekk sinn vanagang í Brúarlandi í Mosfellssveit og ekkert sem benti til róttækra breytinga. En þann 10. maí 1940 áttu óraunverulegir atburðir sér stað; Ísland var hernumið og þar með var Ísland orðið óbeinn þátttakandi í heimstýrjöldinni síðari. Hin miklu áhrif sem stríðið hafði á Íslandi voru því betur ekki af verulega alvarlegum toga. Fyrir Íslendinga þýddi hernámið einna helst gróða. Allt í einu var aukna vinnu að fá; vegir og flugvöllir voru lagðir sem þjóðin naut góðs af og eftir stríðið var húsnæði hermanna nýtt fyrir Íslendinga.

Þjóðverjar voru búnir að hertaka Danmörku og Noreg og staðsetning Íslands var hernaðarlega mikilvæg varðandi skipaflutninga og yfirráð yfir Atlantshafinu. Hér hefðu Þjóðverjar því getað sett upp herstöðvar sem hefðu þjónað mikilvægum skipaleiðum og framganga stríðsins hefði því vel getað orðið önnur. Hægt er að ímynda sér innrás bandamanna til frelsunar Íslands í stað hinnar friðsamlegu aðgerðar er bandamenn hernámu landið, 10. maí 1940, með öllum þeim óhugnaði sem slíkar orrustur hafa í för með sér. Öllum má því vera ljóst að hefðu Þjóðverjar náð Íslandi hefði baráttan á Atlantshafinu verið háð með öðrum hætti. Stríðið hefði hugsanlega orðið lengra og mun dýrkeyptara en það í raun varð.

Í Evrópu geisaði stríð. Ísland er ríki í konungssambandi við Danmörku. En á einu augabragði verður breyting á. Þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku 9. apríl 1940 þurftu Íslendingar að sinna öllum sínum málum sjálfir. Danir höfðu misst tök sín á Íslandi og Ísland varð frjálst. En ekki lengi, mánuði síðar var Ísland hernumið af bandamönnum. Við hernám Íslands tók við herstjórn sem í raun varði stríðið á enda. Eftirfarandi tilkynning var hengd upp víða í Reykjavík og nágrenni:

Tilkynning.

Brezkur herliðsafl er kominn snemma í dag á herskipum og er núna í borginni. Þessar rádstafanir hafa verið gerðar bara til þess að taka sem fyrst nokkrar stádur og að verða á unda Þjóðverjum.

Við Englendingar aeltum að gera ekkert á móti Íslensku landstjórninni og Íslenska folkinu, en við viljum vera Íslandi orl og, sem Danmörk og

Norvegur urdu fyrir. Þessvegna biðjum við yður að fá okkur vinsamlegar viðtökur og að hjálpa okkur.

Á meðan við erum að fást við Þjóðverja, sem eru í Reykjavík eða annarsstaðar á Íslandi, verður um stundarsakir bannað

1 að útvarpa, að senda símskeyti, að fá símtöl

2 að koma inn í borgina eða fara út úr henni fyrir nokkra klukkutíma.

Okkur þykir leiðinlegt að gera þetta ónáði; við biðjumst afsokunar á því og vonum að það endist sem fyrst. [svo]

R.G. Sturges, yfirforingi

Ísland var hernumið og á næstu mánuðum settu þessir „gestir“ okkar mikinn svip á íslenskt þjóðlíf. Herinn setti upp bragga, herstöðvar og varðstöðvar út um allt land. Að Brúarlandi kom herinn strax og hann náði fótfestu, í maí 1940, og setti upp bækistöðvar sínar á túnunum í kringum Brúarland. Ein af ástæðunum fyrir hernámi Brúarlands var sú að þarna var símstöð og Brúarland var nokkurn veginn miðsvæðis milli Reykjavíkur og Hvalfjarðar. Skólahúsið var eitt af glæsilegri húsum sveitarinnar og þess vegna e.t.v. ekki óeðlilegt að herinn hafi fengið augastað á húsinu strax. Símsstöðin var hernaðarlega mikilvæg og var hermaður á vakt allan sólarhringinn við símann eða allt þar til herinn kom sér upp eigin símstöð í kjallaranum.

Á augabragði breyttist umhverfi Brúarlands úr friðsamlegu og rólegu sveitalífi yfir í herstöð með öllu sem því fylgir. Allt í kringum Brúarland risu upp byggingar, herbraggar og önnur hús sem herinn þurfti til að geta starfað. Við Brúarland var braggahverfið Lumley reist. Yfirmenn hersins sem komu í Brúarland gistu inni í húsinu og höfðu þar aðalbækistöðvar sínar allt þar til aðalstöðvarnar voru fluttar í hús sem var byggt var rétt hjá og kallaðist húsið Litla-land. Handan við bæjarlækinn á Brúarlandi var byggt lítið steinhús sem notað var sem fangelsi fyrir hermenn.

Margrét Lárusdóttir, dóttir skólastjórahjónanna, minnst þessa tíma engu að síður með mikilli hlýju og augljóst er að samkomulagið milli hersins og heimamanna hefur verið gott. Helst þótti heimilisfólkinu til vansa að fá ekki að ganga óhindrað um eigið hlað en þeim var úthlutaður smá göngustígur meðfram húsinu og út á veg. Einhvern tíma var

Margrét stöðvuð af varðmanni sem brá fyrir hana byssu með brugðnum byssusting. Hermaðurinn spurði ákveðinn hvert hún væri að fara og hún svaraði ákveðin á móti að hún væri nú bara að fara heim til sín. Hermaðurinn varð víst ansi skömmustulegur og hleypti henni framhjá og bað hana margfaldlega afsökunar.

Þetta var undantekning því hermennirnir þekktu vel þá sem bjuggu á Brúarlandi og komu fram við íbúana af mikilli virðingu og vinsemd. Ragnar Lárusson, yngsta barn Lárusar og Kristínar, var ekki nema sex ára þegar herinn kom og fannst honum spennandi að þvælast í kringum hermennina. Ekki var undrunin lítil hjá Ragnari þegar hann áttaði sig á því að þessir furðulegu, útlendu menn, hlógu á íslensku. Samskipti fjölskyldunnar við hermennina á Brúarlandi virðast því hafa verið góð og að mestu slysalaus.

Við Brúarland gerðist það þó að hermaður skaut Íslending í hnéd en hann hafði neitað að nema staðar, þrátt fyrir aðvörun hermannsins. Það er því ekki að undra að þeir fullorðnu hafi ekki alltaf verið alveg rólegir, vitandi af börnunum úti við leik í kringum vopn og misreynda hermenn enda hafði mjög sorglegur atburður orðið við herbúðir bandaríska hersins við Hallveigarstíg í Reykjavík. Þá varð 12 ára drengur fyrir skoti af hendi bandarísks hermanns sem ítrekað hafði þurft að bægja nokkrum börnum frá sem klifruðu upp í hermannabíl sem hann gætti. Í eitt skiptið beindi hermaðurinn byssu sinni að barninu og hleypti af með þeim afleiðingum að skot hljóp í höfuð drengsins, sem lést samstundis.

Í *Morgunblaðinu* 2. ágúst 1944 segir frá árás sem bifreiðastjóri einn, Þórður Björnsson, varð fyrir. Ekki er tekið fram í greininni hvar hermennirnir áttu bækistöðvar, hvort þær voru á Brúarlandi eða í Reykjavík, en frásögnin í blaðinu er á þessa leið:

Í fyrrinótt rjeðust [svo] amerískir hermenn á bifreiðastjóra, Þórð Björnsson til heimilis á Hringbraut 33. Var hann að aka tveim amerískum hermönnum á leið út úr bænum og er hann var kominn á móts við Brúarland í Mosfellssveit, rjeðust [svo] hermennirnir á Þórð. Greiddu þeir honum höfuðhögg mikið, sennilega fleiri en eitt, og hlaut Þórður af því mikinn skurð á höfði. Þórður komst út úr bílnum, en mun þá hafa misst meðvitundina sem snöggvast, en á meðan hafa hermennirnir farið upp í

bifreiðina, því er Þórður komst til meðvitundar aftur, sá hann á eftir bifreiðinni. Á Brúarlandi komst Þórður í síma og tilkynti lögreglunni árásina, og komu bæði erlend og íslensk lögregla á staðinn. Fundu þeir bifreiðina upp í Mosfellsdal, óskemmda, en hermennirnir fundust ekki. Þórður segir hermennina hafa rænt sig 300 krónum. Þórður lagði áherslu á, að hann hafi ekki sjeð [svo] vín á mönnunum. Þórður var fluttur á herspítala og var líðan hans í gær mjög slæm.

Álagið vegna stríðsins var farið að setja mark sitt á líðan almennings og upp komu hugmyndir að flytja börn frá Reykjavík í sveitir landsins líkt og gert hafði verið á Bretlandi en þar höfðu menn áhyggjur af loftárásum; áhyggjur sem seinna kom í ljós að voru réttlætanlegar.

Hugmyndir um að flytja skyldi börn í sveitir landsins vegna yfirvofandi loftárása virðast ekki hafa verið ræddar mikið í Mosfellssveit. Að minnsta kosti liggja ekki fyrir neinar skjalfestar upplýsingar þess efnis. Á stríðsárunum þótti þó hættulegt að láta börnin vera mikið á ferli og hafði hernámið því bein áhrif á skólahaldið. Því fór Klara Klængsdóttir annan hvern dag að Reynisvatni eða Úlfarsá og kenndi börnum sem áttu heima í niðursveit. Hinn daginn fór hún að Minna-Mosfelli og kenndi börnum úr Mosfellsdal. Nánast öll börnin sem sóttu skólann bjuggu í sveit og hafa áhyggjur fólks vegna loftárása að mestu miðast við þéttbýlisstaðina.

Í maílok voru u.þ.b. 2000 börn úr Reykjavík búin að fá sumarvist í sveit. Foreldrum um 1200 barna gekk hins vegar illa að koma börnum sínum fyrir utan Reykjavíkur og voru peningar helsta ástæðan. Lammie, setuliðstjóri, spurðist fyrir um það í utanríkisráðuneytinu í Lundúnum hvort hann ætti að hvetja ríkisstjórn Íslands til þess að flytja íbúa Reykjavíkur úr bænum vegna hættu á loftárásum og endaði þessi fyrirspurn einhverra hluta vegna í höndunum á Winston Churchill. Churchill brást hinn versti við, enda misskildi hann fyrirspurnina. Hann skildi hana þannig að flytja ætti alla Íslendinga úr landi og þá væntanlega til Bretlands! Churchill svaraði með harðorðu bréfi sem endaði svona: „Þeir búa hvort eð er á stórri eyju og hafa nóg af stöðum, sem þeir geta hlaupið á.“

Víðsvegar í Reykjavík var skólahald sjö til tíu ára barna þó lagt niður en það var vegna þess að herinn tók flesta grunnskólana hernámi.

Hreppsnefnd Mosfellssveitar varð fyrir talsverðri gagnrýni fyrir að mótmæla ekki þegar herinn lagði Brúarland undir sig. Töldu margir íbúar alveg óhæft að byggingin yrði notuð áfram sem skólahúsnæði með herinn á sömu þúfu. Skólabörnin þurftu að ganga í gegnum hverfi hermannanna til að komast í skólann og fannst fólki það vera hið versta mál. Að auki þurftu börnin að fá vegabréf til að geta gengið í gegnum hverfið. Fyrir saklausa og friðelskandi Íslendinga var stríðið óraunverulegt og fjarlægt. Fyrir hernám voru Íslendingar fátækir konungsþegnar, enn að vinna sig út úr torfkofunum. En eftir stríð voru Íslendingar ríkir og torfbæjarlífið að mestu að baki.

III. Brúarland hernumið

Fyrsta kanadíska herliðið, sem ekki átti að ílengjast á Íslandi, mætti til Íslands 16. júní 1940. Að beiðni Churchill áttu kanadíska deildirnar að sameinast í SA-Bretlandi til að vera viðbúnaðar yfirvofandi innrás Þjóðverja. Eitt herfylki kom úr Konunglegu kanadíska hersveitinni (Royal Regiment of Canada). Hin tvö fylgdu á eftir 7. júlí en þau tilheyrðu „Skyttunum frá Montréal“ (Les Fusiliers Mont-Royal), skipuðum frönskumælandi Kanadamönnum og „Cameron-hálendingunum“ frá Ottawa, vopnuðum þungum vélbyssum (sveitin var systursveit Cameron-Hálendinganna í Skotlandi og klæddust hermennirnir þilsum á skoska vísu).

Höfuðstöðvar Kanadíska herliðsins voru settar upp í Lumley-herbúðunum að Brúarlandi í Mosfellssveit en liðinu, sem hafði alls 2.659 menn, var komið fyrir í tjaldbúðum í Kollafirði, við Álafoss og víðar í Mosfellssveitinni, í Hveragerði og á Kaldaðarnesi. Konunglega kanadíska hersveitin og frönsku Kanadamennirnir héldu svo til Bretlands 31. október 1940 eftir að 70. breska fótgönguliðsstórfylkið kom til Íslands. Kanadíska Hálendingarnir héldu sömu leið 28. apríl vorið eftir, árið 1941.

Hinn 16. ágúst 1941 fóru herflugvélar frá Kaldaðarnesi 12 eftirlitsflug til móts við herskipið Prince of Wales og fylgdu því eftir til Hvalfjarðar. Um borð var Sir Winston Churchill forsætisráðherra Breta og var að koma af sögulegum fundi með Roosevelt, forseta Bandaríkjana, við Nýfundnaland, þar sem þeir höfðu undirritað hina frægu Atlantshafsyfirlýsingu. Fundir þeirra Roosevelt og Churchill stóðu í fjóra daga, 9.–12. ágúst, og voru haldnir um borð í herskipum.

Churchill varð forsætisráðherra Bretlands 10. maí 1940, sama dag og Ísland var hernumið af Bretum, og gegndi hann þeirri stöðu til 1945 og var svo aftur forsætisráðherra 1951-55. Hann kom til Reykjavíkur, var við hersýningu á Suðurlandsbraut og heimsótti hersveitir í Mosfellssveit og einnig jarðhitasvæðið að Reykjum með Franklin D. Roosevelt yngri, syni Bandaríkjaforseta

Til er skemmtileg saga tengd þessari heimsókn Churchill til Íslands. Magnús, næstelstur barna þeirra Lárusar skólastjóra og Kristínar, var í einni af mörgum blaðasöluferðum

sínum uppi í Reykjahverfi. Magnús kom að þar sem verið var að sýna Churchill heitu hverina og segir sagan að forsætisráðherrann hafi ekki trúað að sjóðandi vatn kæmi upp úr jörðunni og vildi sannreyna það, rak einn puttann ofan í vatnið og brenndi sig þannig að búa varð um fingurinn.

Churchill var mjög áhugasamur um nýtingu jarðvarma og fannst merkilegt að Íslendingar ætluðu að hita upp hús sín með heitu vatni. Spurningin er hins vegar sú hvort Churchill hafi einfaldlega verið að grínast og þóst brenna sig á heitu vatninu til að koma fólki til að hlæja? Í 14. tölublaði *Fálkans* 22. ágúst 1941 er minnst á heimsóknina en þar stendur:

Síðan fór hann svo upp að Reykjum og skoðaði þar hverina og gróðurhúsin og fannst mikið til um að sjá þarna fullþroskuð vínber og ýmis aldini. Hann ljek [svo] þarna á alls oddi, lofaði fólki að taka myndir af sjer [svo] og skrifaði nafn sitt í minnisbækur ungra stúlkna, sem gerðu aðsúg að honum þar efra.

Það er því nokkuð líklegt að Churchill hafi í raun bara verið að slá á léttu strengi. Churchill virðist hafa vitað heilmikið um jarðhita, of mikið til að stinga puttanum ofan í sjóðandi heitt vatnið. Í minningarbók sína (bls. 400) skrifar Churchill:

I found time to see the new airfields we were making, and also to visit the wonderful hot springs and the glasshouses they are made to serve. I thought immediately that they should also be used to heat Reykjavik, and tried to further this plan even during the war. I am glad that it has now been carried out.¹

John Martin, sem var einn af einkariturum Churchill, skrifaði í bók sína *Downing Street: The War Years* (bls. 60-61) eftirfarandi athugasemd:

¹ Ég gaf mér tíma til að heimsækja nýju flugvellina sem við erum að leggja og einnig hina undursamlegu hveru og gróðurhúsin sem þeir eiga að þjónusta. Mér datt strax í hug að þá ætti einnig að nota til að hita upp í Reykjavík og reyndi að koma hugmyndum mínum á framfæri meðan á stríðinu stóð. Það gleður mig að þetta sé nú komið til framkvæmda. [Lausleg þýðing undirritaðs].

16. August 1941,

After lunch with the British Minister we went for a short drive to see something of the country, visiting a transit camp for RAF trainees and hot springs from which it was hoped to provide the capital with central heating.²

Einn af ráðgjöfum Churchill, Cdr. Thompson, minnst einnig á heimsóknina í riti Gerald's Pawle *The War and Col. Warden* (bls. 131):

Early next day the coast of Iceland appeared, and a Canadian destroyer took Mr. Churchill and his party fifteen miles up the fjord to Reykjavik. ...He also visited a market garden, where he was much intrigued to see masses of carnations grown in glasshouses warmed by the abundant hot springs. He was told of a plan for heating the whole of Iceland's capital with these springs. So far nothing had come of it, for with the outbreak of war they had been unable to obtain the supply of special piping they had ordered from Britain.³

Í minningum Churchill kemur fram frægt dæmi um misminni Churchills, að hann hafi stungið upp á hitaveitu fyrir Reykjavík. Thompson hins vegar, sem greinilega hefur skrifað allt hjá sér jafnóðum, fer næstum rétt með hitaveitumálið. Eina ónákvæmnin er sú að pípulagningarrörin höfðu ekki verið pöntuð frá Bretlandi upphaflega heldur lokast inni í Kaupmannahöfn við hernám Danmerkur; Íslendingar reyndu hins vegar að fá ný frá Bretlandi í staðinn.

Til gamans endar þessi grein á einni sögu sem höfð er eftir Margréti Lárusdóttur en má einnig lesa í ættartalsbókinni *Brúarlandsfólkið*. Hvort sagan hefur breyst eitthvað frá því

² Eftir hádegismat með breska ráðherranum fórum við í stutta ökuferð út á land, heimsóttum æfingabúðir breska flughersins og sáum hveri sem vonast var til að gætu nýst við hitaveitu í höfuðborginni. [Lausleg þýðing undirritaðs].

³ Snemma næsta dag sáum við stendur Íslands og kanadískur tundurspillir flutti hr. Churchill og fylgdarlið hans 15 mílur inn í fjörðinn og til Reykjavíkur. ... Hann heimsótti einnig gróðurhúsahverfi þar sem nellikubreiður ræktaðar með jarðhita vöktu athygli hans. Honum var sagt frá áætlunum um að nota jarðvarma til hitunar húsa í höfuðborg Íslands. Vegna stríðsins hafði ekkert orðið af þessum áætlunum vegna skorts á sérstökum rörum sem pöntuð voru frá Bretlandi. [Lausleg þýð. undirritaðs].

að hún fyrst var sögð og hvort hún er nálægt sannleika eða ekki skal ósagt látið en hún er skemmtileg og ein af mörgum sögum sem við eigum frá hernámsárunum, sögur sem ekki mega glatast.

Eitt kvöldið varð uppi fótur og fit meðal offiséranna [svo] í kampinum heima. Það kom í ljós að verið væri að senda ljósmerki ofan frá Helgafelli og var meira að segja búið að lesa eitthvað dulmál út úr þeim. Pabbi var beðinn að fara með hermönnum uppeftir til að ganga úr skugga um hvað hér væri á ferð. Þegar uppeftir kom hittu þeir Niels bónda og var hann þá nýkominn frá gegningum úr húsum sem lágu nokkuð frá bænum. Var hann með olíulugt með sér, en hana hafði hann borið þannig að ljósmerkin sáust milli fóta hans er hann gekk og var þar með komin skýringin á merkjasendingunum.

Þessi frásögn á e.t.v. eitthvað skylt við svipaða sögu um Hauk Nielsson frá Helgafelli en hann var eitt sinn handtekinn þar sem hann fór ríðandi norðan við Helgafell. Þótti hann grunsamlegur og var hann fluttur í bækistöðvarnar á Brúarlandi. Menn sáu þó fljótt að hér var eingöngu um smala frá Helgafelli að ræða á brúnum hesti en engan njósnara.

IV. Brúarland - horft til framtíðar

Í dag hýsir Brúarland fyrsta framhaldsskóla Mosfellsbæjar og heldur þannig áfram að vera skólahúsnæði í framsæknu samfélagi, eftir nokkurt hlé. Samkomulag um stofnun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ var undirritað 19. febrúar 2008 af menntamálaráðherra og bæjarstjóranum í Mosfellsbæ. Í þessu samkomulagi kemur fram að allir hlutaðeigandi aðilar eru sammála um að byggja nýjan skóla sem rúmi 4-500 nemendur og á skólinn að vera tilbúinn haustið 2011. Samkomulagið við menntamálaráðuneytið gerir ráð fyrir að kostnaðurinn skiptist til helminga milli ríkisins og Mosfellsbæjar og fyrstu tvö árin muni skólinn verða starfræktur að Brúarlandi, elsta skólahúsnæði Mosfellsbæjar.

Kennsla hófst í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ haustið 2009. Einn árgangur er í skólanum en gert er ráð fyrir að bæta við öðrum árgangi haustið 2010. Áætlað er að nýtt húsnæði verði svo tekið í notkun veturinn 2011-2012 en þangað til mun Brúarland hýsa framhaldsskólann.

Samkvæmt kostnaðaráætlun munu endurbæturnar á Brúarlandi kosta u.þ.b. 80 milljónir króna. Þykir mörgum ansi mikill peningur fara í bráðabirgðahúsnæði en þá er e.t.v. rétt að huga að því hvaða möguleikar eru í boði til nýtingar á húsnæðinu í framtíðinni. Þar að auki verður að hafa í huga menningarsögulegt gildi hússins og hvort húsið sé þess virði að því sé við haldið og þá nýtt af sveitarfélaginu. Þótt verndun Brúarlands hafi hvorki komið með formlegum hætti til Húsafriðunarnefndar, né óskað hafi verið eftir friðun hússins, óskaði hönnuður endurbyggingar skólans eftir óformlegri ráðgjöf nefndarinnar við framkvæmdirnar. Í framhaldi af því lét Húsafriðunarnefnd skólanum í té gamlar spjaldahurðir til að nota í skólanum. Húsið verður varla sett í upprunalegt horf úr þessu enda hafa miklar breytingar verið gerðar og húsnæðið aðlagð eftir þörfum allt frá upphafi þegar nýta þurfti hvern krók og kima til kennslu á fyrstu starfsárum skólans og svo í gegnum árin þegar húsið hefur verið nýtt sem tónlistarskóli og þar fram eftir götunum.

Hverjar sem skoðanir fólks kunna að vera þá er ljóst að gamla Brúarland er aftur orðið skólahúsnæði, þótt tímabundið sé, og þjónar því enn sínum upphaflega tilgangi. Hvernig

sem húsið svo nýtist í framtíðinni og hvort það fær aftur hlutverkið sem því eitt sinn var skipað, sem félags- og menningarmiðstöð fyrir sveitina, skal ósagt látið en hins vegar hefur verið rætt um að þetta hús muni gegna menningarlegu hlutverki til framtíðar í Mosfellsbæ. Hugsanlega geti Brúarland orðið aðsetur ýmissa samtaka og félagastarfssemi.

Félag aldaðra í Mosfellsbæ hefur sýnt mikinn áhuga á því að fá aðstöðu fyrir félagsstarf sitt í húsinu og eins má búast við því að Kvenfélag Lágafellssóknar fái aftur aðstöðu í húsinu. Hugsanlega verður þarna einnig aðsetur fyrir öflugt kórastarf í bæjarfélaginu. En hvað verður er ekki gott að segja en eftir þær endurbætur sem á húsinu hafa verið gerðar má telja líklegt að húsnæðið verði nýtt áfram og starfrækt að einhverju eða öllu leyti í þágu menntunar, fræðslu og félagsmála. Vel má svo ímynda sér einhvers konar fræðasetur í Brúarlandi og þar væri einnig hægt að setja upp einhvers konar safn.

Möguleikarnir eru margir en hvað sem verður er nauðsynlegt að hafa í huga að saga hússins er merk og mikilvægi þess í menningar- og menntunarsögu Mosfellsbæjar verður seint metið til fjár. Margt er að minnast og margt ber að hafa í huga þegar ákvörðun verður tekin um framtíð Brúarlands.

Heimildir

Árni Daniélsson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (ritstj.). 1993. *Íslenskur söguatlas - 3. bindi. Saga samtíðar – 20. öldin*. Iðunn, Reykjavík.

Barnafræðiskýrslur árin 1920-1966. 1967. Gefnar út af Hagstofu Íslands, Reykjavík.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson (ritstj.). 2005. *Mosfellsbær - saga byggðar í 1100 ár*. Þjazi ehf., Mosfellsbær.

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson. 1991. *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag, Reykjavík.

Churchill, Winston. 1950. *The Grand Alliance. Vol. III*. Cassell, London.

Eggert Þór Bernharðsson. 2000. *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. JPV, Reykjavík.

Fálkinn. 1941. „Heimsókn Winstons Churchill.“ [frétt] 22. ágúst. Heimild af timarit.is - bls. 3 og 14. [Sótt 20. apríl 2010].

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. 2009. www.fmos.is

Friðþór Eydal. 1997. *Vígdrekar og vopnagnýr. Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið*. Bláskeggur, Kópavogur.

Guðmundur Kristinsson. 2001. *Styrjaldarárin á Suðurlandi*. 2. útgáfa. Árnesútgáfan, Selfossi.

Jenný Björk Olsen og Unnur Hrefna Jóhannsdóttir. 2000. *Stríðsárin á Íslandi 1939-1945*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Karllakórinn Stefnir. 2010. Ábm. Hörður Björgvinsson. http://www.stefnir.is/index.php?option=com_content&view=article&id=47:stiklur&catid=27:upphafstefnis&Itemid=54 [Sótt 10. apríl 2010]

Kristín Sigsteinsdóttir. 1982. *Brúarlandsskóli í Mosfellssveit*. B.Ed-ritgerð, KHÍ.

Magnús Guðmundsson. 1990. *Bókasafn í 100 ár. Saga Lestrarfélags Lágafellssóknar og Héraðsbókasafns Kjósarsýslu 1890-1990*. Héraðsbókasafn Kjósarsýslu, Mosfellsbær.

Martin, John. 1992. *Downing Street: The War Years*. Bloomsbury, London.

Morgunblaðið. 1940. „Hlutavelta“ [auglýsing á forsiðu]. 101. tölublað. 4. maí. Heimild af timarit.is [Sótt 20. apríl 2010].

Pawle, Gerald. 1963. *The War and Colonel Warden. Based on the Recollections of Commander C. R. Thompson* (Personal assistant to the Prime Minister 1940 - 1945). Formála skrifar W. Averell Harriman. Harrap, London.

Ragnar Lárusson (ritstj.). 1999. *Brúarlandsfólkið. Minningarit í tilefni aldarminningar skólastjórahjónanna á Brúarlandi, Lárusar Björgvins Halldórssonar og Kristínar Magnúsdóttur*. Börn Lárusar og Kristínar, Reykjavík.

Pór Whitehead. 1999. *Bretarnir koma*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Fylgiskjöl

Tölvubréf frá fulltrúa Húsafríðunarnefndar 15. apríl 2010

Sæll og blessaður Þráinn Árni.

Brúarland hefur ekki komið með formlegum hætti til Húsafríðunarnefndar né verið óskað eftir friðun hússins. Hins vegar óskaði hönnuður endurbyggingar skólans árið 2009 eftir óformlegri ráðgjöf um framkvæmdirnar. Í framhaldi af því lét Húsafríðunarnefnd skólanum í té gamlar spjaldahurðir til að nota í skólann. Rétt er að benda á það að í desember sl. kom út skýrslan Fundarhús og skólar í sveitum landsins, sem unnin er af teiknistofunni Gláma - Kím. Þar er fjallað stuttlega um öll skólahús í dreifbýli og þar með Brúarland.

Kveðja góð Guðmundur L. Hafsteinsson

Tölvubréf frá bæjarstjóra Mosfellsbæjar þann 19. apríl 2010

Sæll

Það hafa engar endanlegar ákvarðanir verið teknar vegna framtíðarnotkunar Brúarlands. Það sem hinsvegar hefur verið rætt um að þetta hús muni gegna menningarlegu hlutverki til framtíðar í Mosfellsbæ. Þar hefur helst verið horft til þess að það geti orðið aðsetur ýmissa samtaka og félagastarfssemi. T.d. hefur félag eldri borgara hér sýnt því mikinn áhuga á að fá aðstöðu fyrir félagsstarf aldraðra þarna. Eins geri ég ráð fyrir því að Kvenfélag Lágafellssóknar fái aftur aðstöðu í húsinu. Hugsanlega verður þetta einnig aðsetur fyrir öflugt kórastarf í bæjarfélaginu, t.d. hefur karlakórinn Stefnir verið með aðstöðu þarna í gegnum tíðina. Nákvæmar get ég ekki svarað þessu á þessari stundu

Mbk Haraldur Sverrisson Bæjarstjóri Mosfellsbæjar

Þverholti 2, Mosfellsbæ

Sími: 525-6700 / Fax: 525-6729

Tölvubréf frá Richard M. Langworth þann 1. apríl 2010

Dear Mr Baldvinsson,

Although U.S. Marines had occupied Iceland in mid-1940, Churchill did not visit Iceland until 16 August 1941, on his way home from Newfoundland, where he had conferred with Roosevelt and issued the Atlantic Charter communiqué. I was unable to find reference to the incident you mention, though it seems I remember reading it. He did take a tour, and definitely visited a geyser. I suggest you check the archives of Reykjavik's newspapers, who probably carried the most detailed accounts.

He should have known about geyser temperatures, since he had experienced "water hotter than you can bear" at a geyser in Banff, Alberta, in 1929. However, since you have firsthand witnesses to this event, it must be true! Churchill himself was much taken with the practical applications of geyser water, and wrote in his war memoirs, vol. 3, *The Grand Alliance* (London: Cassell, 1950, page 400):

I found time to see the new airfields we were making, and also to visit the wonderful hot springs and the glasshouses they are made to serve. I thought immediately that they should also be used to heat Reykjavik, and tried to further this plan even during the war. I am glad that it has now been carried out. I took the salute with the President's son standing beside me, and the parade provided another remarkable demonstration of Anglo-American solidarity. On return to Hvals Fjord I visited the Ramillies, and addressed representatives of the crews of the British and American ships in the anchorage, including the destroyers Hecla and Churchill.

Here is what one of his private secretaries, John Martin, wrote of the occasion, in his *Downing Street: The War Years* (London: Bloomsbury, 1992), pages 60-61:

16 August 1941

Anchored at Hvalsfjord, where several British and American ships were in harbour. Here we transferred to the Canadian destroyer Assiniboine for Reykjavik, where we spent the

day. There were crowds in the streets and remarkable enthusiasm, with cheering and clapping, said to be unusual among these stolid, undemonstrative people. It was a lovely sunny day and the place looked most attractive, not unlike somewhere in the West Highlands. We were first driven to the Altingshus, where the PM was received by the Regent and the Icelandic Cabinet. At the Regent's suggestion the PM went out on to the balcony and addressed the crowd in the square, who gave him a tumultuous reception. He then went on to review a big parade of American and British troops, the President's son Franklin standing beside him at the saluting base. After lunch with the British Minister we went for a short drive to see something of the country, visiting a transit camp for RAF trainees and hot springs from which it was hoped to provide the capital with central heating. Tea at Force HQ at Artun and left in destroyer at 5.30, seen off by the Icelandic Prime Minister, Mr Hermann Jonasson, and again a demonstrative crowd. After visiting HMS Ramillies finally weighed anchor in HMS Prince of Wales about 8 p.m. with an escort of destroyers, the American ships taking station ahead.

Churchill's naval aide, Cdr. Thompson, also recorded, in Gerald Pawle, *The War and Col. Warden* (London: Harrap, 1963), page 131:

Early next day the coast of Iceland appeared, and a Canadian destroyer took Mr Churchill and his party fifteen miles up the fjord to Reykjavik. There he called on the Icelandic Prime Minister and took the salute at a parade of British and American troops. He also visited a market garden, where he was much intrigued to see masses of carnations grown in glasshouses warmed by the abundant hot springs. He was told of a plan for heating the whole of Iceland's capital with these springs. So far nothing had come of it, for with the outbreak of war they had been unable to obtain the supply of special piping they had ordered from Britain.

On the day of Mr Churchill's visit the weather was glorious, and the British party noticed that many of the population were sun-bathing in the nude on balconies running round the large baths in the centre of the city.

Howard Spring, for one, found his previous conceptions of Iceland far wide of the mark. The leading hotel in Reykjavik, with its smartly uniformed bell-hops, had an atmosphere

indistinguishable from the Savoy; many of the women they saw were dressed in the height of Paris fashion; fine modern stores were crammed with luxury goods long forgotten in England; and there were bookshops well stocked with the latest novels in many languages, English predominating.

I would be interesting in a copy of your article when published.

With best wishes

Richard M. Langworth CBE

<http://richardlangworth.com>

Apr-Dec: Moultonborough, NH, USA

Dec-Apr: Eleuthera, Bahamas

Editor, The Churchill Centre

www.winstonchurchill.org

&

Churchill by Himself: The Life, Times and

Opinions of Winston Churchill

<http://xrl.us/behhv6>